

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1776**2017/EES/31/29**

frá 6. október 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á súkralósa (E 955) sem bragðaukandi efni í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölalkóhóli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 19. janúar 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á súkralósa (E 955) sem bragðaukandi efni í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölalkóhóli. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Vísindanefnd Evrópusambandsins um matvæli lagði mat á súkralósa á árinu 2000 þar sem ásættanleg, dagleg inntaka (ÁDI) var fastsett við 15 mg/kg líkamsþyngdar á dag ⁽³⁾.
- 5) Notkun á súkralósa (E 955) sem bragðaukandi efni í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölalkóhóli eykur heildarbragðstyrk tyggigúmmísins og viðheldur þessum styrk í lengri tíma, meðan tyggigúmmíið er tuggið, samanborið við aðrar samsetningar matvælaaukefna. Með því að auka styrk og endingartíma bragðsins verður reynsla neytandans af því að tyggja tyggigúmmíið því betri í heild sinni.
- 6) Ef súkralósi er leyfður í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölalkóhóli í magni sem nemur 1200 mg/kg myndi það leiða til aukningar á innteknu magni af E 955 innan eftirfarandi marka: 0 til 0,1% af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða meðalneyslu og 0 til 4,3% af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða mikla neyslu. Þetta teljast vera minni háttar viðbótarvæðing á neytendum og er því ekki öryggisvandi.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á súkralósa (E 955) sem bragðaukandi efni í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölalkóhóli telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 272, 7.10.2016, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ „Opinion of the Scientific Committee on Food on sucralose“ (samþykkt af hálfu vísindanefndarinnar um matvæli 7. september 2000), aðgengilegt á Netinu: http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out68_en.pdf

- 8) Því þykir rétt að leyfa notkun á súkralósa (E 955) sem bragðaukandi efni í tyggigúmmí með viðbættum sykri eða fjölkalkóhóli við hámarksgildi sem nemur 1200 mg/kg (matvælaundirflokkur 5.3).
- 9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Matvælaflokkur 5.3, „Tyggigúmmi“, er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir E 951:

	„E 955	Súkralósi	1200	(12)	Einungis með viðbættum sykri eða fjölkalkóhóli, sem bragðaukandi efni“
--	--------	-----------	------	------	------------------------------------------------------------------------

b) Neðanmálsgrein (12) er breytt sem hér segir:

„(12) Ef E 950, E 951, E 955, E 957, E 959 og E 961 eru notuð saman í tyggigúmmi er hámarksgildi hvers efnis fyrir sig lækkað hlutfallslega“.